



BORGARBYGGÐ







STEFNA BORGARBYGGÐAR UM UPPLÝSINGAMÁL OG ÍBÚASAMRÁÐ

Formáli

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur áherslu á öfluga upplýsingagjöf og markvisst íbúasamráð en víða er hefð fyrir samráði við íbúa um starfsemi sveitarfélagsins. Til að styrkja þróun og stöðu upplýsingamála og efla enn frekar þátttöku og samráð við íbúa í Borgarbyggð stofnaði sveitarstjórn nefnd til að móta stefnu í upplýsinga- og lýðræðismálum. Nefndin var skipuð einum fulltrúa úr hverju framboði sem eiga fulltrúa í sveitarstjórn Borgarbyggðar og einum fulltrúa íbúa. Eftirfarandi fulltrúar sátu í Upplýsinga- og lýðræðisnefnd:

Magnús Snorrason formaður, Helgi Haukur Hauksson, Rúnar Gíslason, Silja Eyrún Steingrímsdóttir og Vigdís Pálsdóttir fulltrúi íbúa.

Stefna Borgarbyggðar um upplýsingamál og íbúasamráð grundvallast á samvinnu og samræðu milli fulltrúa þeirra flokka sem eiga sæti í sveitarstjórn, íbúa sveitarfélagsins og starfsfólks þess og byggir á stefnumótun sveitarfélagsins í helstu málaflokkum og þeim lögum og reglum sem við eiga.

Til að fylgja stefnunni eftir verður unnin árleg aðgerðar- og kostnaðaráætlun og skilgreindir ábyrgðaraðilar verkefna.

Stefna Borgarbyggðar um upplýsingamál og íbúasamráð var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 8.nóvember 2018.



STEFNA BORGARBYGGÐAR UM UPPLÝSINGAMÁL OG ÍBÚASAMRÁÐ

Aðgengi að upplýsingum er grundvöllur að virkri og málefnalegri umræðu í samfélaginu. Réttar upplýsingar á réttum stað og réttum tíma eru undirstaða vandaðrar ákvarðanatöku og virkrar lýðræðislegrar þátttöku. Miðlun upplýsinga stuðlar að jákvæðri ímynd og mikilvægt er að tryggja aðgengi íbúanna og annarra hagsmunaaðila að upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins. Að sama skapi rennir það styrkari stöðum undir starf og ákvarðanir stjórnenda að hafa upplýsingar og ræða um sjónarmið, hagsmuni og metnaðarmál íbúa. Þannig er lýðræðisleg þátttaka styrkt í sem víðustum

UPPLÝSINGAMÁL

Með því að leggja áherslu á vandaða og aðgengilega miðlun upplýsinga er stefnt að því að efla traust, bæta aðgengi að upplýsingum og styrkja ásýnd sveitarfélagsins.

Traust

Lögð verði áhersla á að:

Veita greinargóðar upplýsingar um stefnu, starfsemi, þjónustu og ákvarðanir sveitarfélagsins. Þær séu birtar eins skýrt og kostur er, á réttum tíma, með fjölbreyttum leiðum og með tiltækum fylgigögnum. Virða þarf mörk og verndun persónulegra upplýsinga.

Þetta verður gert með því að:

- Skýra hlutverk og starfsemi upplýsingamála í rekstri og þjónustu sveitarfélagsins.
- Skilgreina verkferla innan stjórn-sýslunnar varðandi meðferð og flæði upplýsinga þ.m.t. persónugreinanlegar upplýsingar og trúnaðargögn.
- Leggja áherslu á vandað efni í formi texta, mynda, skýrslna og annarra gagna.
- Auka samræmi í ritun fundargerða svo þær séu lýsandi fyrir efni fundarins og þær ákvarðanir sem þar eru teknar.
- Birta fylgigögn með fundargerðum á vef sveitarfélagsins, þar sem það á við. Þetta er gert í því skyni að tryggja gegnsæi innan stjórn-sýslunnar.

Aðgengi

Lögð verður áhersla á að:

Auðvelda og einfalda aðgang að upplýsingum í öllum málaflokkum í gegnum “framlínu” sveitarfélagsins, vefsíðu, samfélagsmiðla og afgreiðslu. Stefnt er að einfaldleika í rafrænni þjónustu með áherslu á aðgengi fyrir alla og notendavænt viðmót.

Þetta verður gert með því að:

- Veita fullnaðarupplýsingar á rafrænu formi þar sem mögulegt er, á vef Borgarbyggðar eða í afgreiðslu sveitarfélagsins. Þetta er gert til að hraða og einfalda afgreiðslu erinda.
- Leitast sífellt við að halda vef Borgarbyggðar í fremstu röð upplýsinga- og afgreiðsluvefja sveitarfélaga þannig að hann verði notendavænn og upplýsingaleit á honum auðveld.
- Veita upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku á vef Borgarbyggðar.
- Nýta samfélagsmiðla með markvissum hætti. Þeir verði nýttir til að miðla upplýsingum s.s. með fréttaskotum, frásögnum af viðburðum, upplýsingum um þjónustu, fræðslu, myndum og myndböndum.
- Fullnýta möguleika íbúagáttar og kortasjár. Gefa íbúum kost á aðgangi að eigin gögnum varðandi þjónustu og samskipti við sveitarfélagið, s.s. um stöðu mála og umsóknir.

STEFNT ER AÐ ÞVÍ AÐ EFLA TRAUST,
BÆTA AÐGENG AÐ UPPLÝSINGUM
OG STYRKJA ÁSÝND SVEITARFÉLAGSINS.



- Tilgreina á vef Borgarbyggðar hvar og hvernig hægt er ná sambandi við kjörna fulltrúa.
- Halda árlega upplýsingafundi fyrir íbúa í öllum fastanefndum sveitarfélagsins.
- Halda fræðslu-, upplýsinga-, og samráðsfundi um einstök málefni sveitarfélagsins eftir því sem þurfa þykir.

Ásýnd

Lögð verður áhersla á að:

Ásýnd og ímynd sveitarfélagsins verði byggð upp á aðlaðandi og samræmdan hátt.

Þetta verður gert með því að:

- Byggja upp inniviði í markaðsmálum, s.s. gæða myndefni, öflugar dreifileiðir fyrir skilaboð og samræmt útlit auglýsinga og kynningarefnis.
- Setja markmið varðandi íbúafjölgun, fjölgun atvinnutækifæra, fjölgun ferðamanna, ánægju íbúa.
- Vinna að samræmingu og samstarfi stofnana varðandi vefi og samfélagsmiðla og auðkenna þá með merki sveitarfélagsins og stofnana.
- Skipa upplýsingateymi sem hefur yfirumsjón og umsýslu með upplýsinga- og vefmálum sveitarfélagsins.





ÍBÚASAMRÁÐ

Stefnt verði að markvissu íbúasamráði og þátttöku íbúa sem nýtist við stefnumótun og ákvarðanir sveitarstjórnar. Samráðið veiti upplýsingar um sjónarmið aðila og stuðli að auknum áhuga og þekkingu íbúa á málefnum sveitarfélagsins. Þannig megi vinna að sem mestri sátt um meginstefnu og áherslur Borgarbyggðar.

Samráð

Lögð verði áhersla á að:

- Leggja mat á það við undirbúning stórra ákvarðana eða stefnumótunar hvort og hvernig megi leita samráðs við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Skilgreina tilgang íbúasamráðs hverju sinni og veita upplýsingar, svo hann sé ljós öllum hlutaðeigandi og veita upplýsingar um hvernig skilaboðum íbúafunda er fylgt eftir.
- Styðjast við aðferðir og fyrirkomulag sem falla að markmiðum samráðs hverju sinni.
- Skapa fjölbreytta möguleika til þátttöku í íbúafundum, meðal annars með rafrænum aðferðum.
- Þróa þjónustu Borgarbyggðar í samráði við notendur hennar.

Þetta verður gert með því að:

- Setja fram með skýrum og aðgengilegum hætti á vef Borgarbyggðar, hvaða leiðir íbúar hafa almennt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Sveitarstjórn ræði í tengslum við ákvarðanatöku sveitarstjórnar og stefnumótun, um gildi þess að opna fyrir aðkomu íbúanna. Það fari m.a. eftir svigrúmi til að hafa áhrif á niðurstöðu, þörf kjörinna fulltrúa fyrir vitneskju um afstöðu íbúa og hvar mál er statt í ákvarðanatökufæri.
- Skilgreina markmið og tilgang íbúafunda, vinnuhópa, starfshópa og stýrihópa, út frá stigum þátttöku og láta getið í fundarboði/erindisbréfi. (Skýringu á mismunandi stigum þátttöku má finna í viðauka með stefnunni og í handbók Sambands íslenskar sveitarfélaga um íbúasamráð og þátttöku).
- Opna í vaxandi mæli aðgengi að íbúafundum með rafrænum leiðum með streymi og upptökum. Skipuleggja þá þannig að þátttakendur hafi sem jafnasta möguleika á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, nema ef eingöngu er um upplýsingafundi að ræða.
- Skilgreina málefni, markhópa og aðferðir, þannig að þjóni bæði þátttakendum og tilgangi samráðsins. Sérstaklega verði hugað að ólíkum hópum t.d. ungum íbúum, íbúum af erlendum uppruna og eldri íbúum.
- Gefa upplýsingar að loknu samráði, um hvernig það nýttist við ákvarðanatöku.
- Kynna fyrir íbúum ákvæði um íbúakosningar samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum Borgarbyggðar.

Þekking

Lögð verði áhersla á að:

Þróa fræðslu og verklag íbúasamráðs, þannig að falli vel að skilgreindum ferlum í stjórnsýslunni og styrki stjórnendur Borgarbyggðar í sínum störfum. Vinna að lýðræðisuppleggi meðal ungra íbúa. Líta á íbúasamráð sem lærdómsferli.

Þetta verður gert með því að:

- Vinna markvisst að uppbyggingu þekkingar um íbúasamráð og aðferðir hjá stjórnendum sveitarfélagsins, með fræðslu og umræðu innan stjórnsýslunnar.
- Starfsfólk stjórnsýslunnar noti markvissar aðgerðir til samráðs við notendur þjónustu.
- Kynna nýrri sveitarstjórn á hverjum tíma stefnu um upplýsingamál og íbúasamráð svo og forsendur fyrir árangursríku íbúasamráði.
- Styðja við þróunarverkefni um lýðræðislega þátttöku í leik- og grunnskólum Borgarbyggðar.
- Meta árangur af þeim skrefum sem stigin verða í íbúasamráði og þátttöku.

VINNA AÐ LÝÐRÆÐISUPPELDI MEÐAL UNGRA ÍBÚA




VIÐAUKI

Við ákvörðun um upplýsingagjöf og samráð við íbúa, skal höfð hliðsjón af viðmiðum um stig þátttöku sem meðal annars er að finna í handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð og þátttöku íbúa.

https://heklan.is/wp-content/uploads/2018/03/Lydraedisrit_loka.pdf

Hér eru þessi viðmið skýrð frekar og er þar einnig byggt á forsendum árangursríks samráðs, samkvæmt alþjóðlegum samtökum um þátttöku íbúa, International Association for Public Participation, IAP2.



Upplýsingagjöf

- Markmið: Að veita almenningi hlutlausar upplýsingar og án allrar slagsíðu til að auðvelda skilning á vandamáli, valkostum, tækifærum og/eða lausnum.
- Loforð til íbúa: Við munum halda ykkur upplýsingum.
- Dæmi um aðferðir: Fréttabréf, vefsíður og samfélagsmiðlar, opið hús, almennir fundir.

Samráð

- Markmið: Að leita í þekkingarbrunn almennings og fá viðbrögð á greiningu, valkosti og/eða ákvarðanir.
- Loforð til íbúa: Við munum halda ykkur upplýstum, hlusta og viðurkenna áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál og gera grein fyrir hvernig skilaboð frá almenningi höfðu áhrif á ákvörðunina.
- Dæmi um aðferðir: Rýnihópar, kannanir, almennir fundir, hverfisganga.

Samtal

- Markmið: Að vinna beint með almenningi í gegnum ferlið til að tryggja skilning og skoðun á áhyggjuefnum og metnaðarmálum almennings.
- Loforð til almennings: Við munum vinna með ykkur til að tryggja að áhyggjuefni ykkar og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar og gera grein fyrir hvernig skilaboð frá almenningi höfðu áhrif á ákvörðunina.
- Dæmi um aðferðir: Vinnuhópar, kannanir á afstöðu, almennir fundir, íbúafing.

Samstarf

- Markmið: Að ganga til samstarf við almenning í öllum þáttum ákvörðunarinnar, þ.m.t. þróun valkosta og greiningu á æski legri lausn.
- Loforð til almennings: Við munum leita eftir ráðleggingum ykkar og hugmyndum við það að móta lausnir og fella ráð ykkar og meðmæli inn í ákvörðunina eins og mögulegt er.
- Dæmi um aðferðir: Ráðgjafarnefndir, ákvarðanatökuférlí með virkri þátttöku, leit að eftir einingu.

Ákvörðun

- Markmið: Að setja endanlega ákvörðun í hendur almennings.
- Loforð til almennings: Við munum koma til framkvæmda því sem þið ákveðið.
- Dæmi um aðferðir: Bindandi atkvæðagreiðslur, fulltrúum almennings falið að taka ákvörðun, kviðdómur íbúa, þátttökufjárhagsáætlun.

